

Nemendaverndarráð

Vilji er vegur

Hlutverk

Nemendaverndarráð starfar eftir reglugerð frá menntamálaráðuneytinu. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd um sérstaka aðstoð við nemendur. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Nemendaverndarráð skólans er jafnframt farsældateymi og fylgir því eftir innleiðingu farsældarlaganna. Það gegnir hlutverki forvarnarteymis skólans sem starfar samkvæmt forvarrnaráætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga, jafnréttisteymis sem móta og fylgir eftir jafnréttisáætlun skólans og eineltisteymis sem vinnur eftir.

 Farsæld í Reykhólaskóla

Skipulag

Skipan nemendaverndarráðs; skólastjóri, fulltrúi nemendabjónustu, tengiliður farsældar, félagsmálastjóri og fulltrúi skólaheilsugæslu. Fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags, sérfræðiþjónustu og barnaverndaryfirvöldum geta tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Nemendaverndarráð fundar mánaðarlega, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar klukkan 13:00, á starfstíma skólans. Boðað er til aukafundar þegar þurfa þykir og ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Á hverjum fundi eru teknar fyrir þjónustubeiðnir sem koma í gegn um tengilið farsældar og/eða barnaverndartilkynningar auk eftirfarandi mála:

September	Október	Nóvember	Desember	Janúar
stuðningsþörf skipulag þjónustu teymi markmið íhlutunar	fræðsla hjúkrunarfræðings heilsufarseftirlit fræðsla tengiliðar	eineltisáætlun mætingar og inngrip innleiðing farsældar	stöðumat verkefna í nemendabjónustu uppfærð markmið	jafnréttisáætlun innleiðing farsældar
Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní
forvarnaráætlun	einstaklingsnámskrár - mat á árangri	áfallaáætlun mætingar og inngrip innleiðing farsældar		Ársskýrsla nemendaverndar skipulag næsta árs

Fundir ráðsins eru færðir til bókar og er farið með öll mál sem nemendaverndarráð fjallar um sem trúnaðarmál.



Í ráðinu sitja:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri, tengiliður farsældar og fulltrúi nemendapjónustu.
- Hlíf Hrólfsdóttir, félagsmálastjóri.
- Anna María Þorkelsdóttir, sérfræðingur Ásgarði.
- Þórunn Björk Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.

Ferli mála

Stigsfundir eru haldnir vikulega. Þá sitja umsjónarkennarar, aðrir kennarar og starfsfólk eftir atvikum auk fulltrúa nemendapjónustu og tengiliðs farsældar. Á stigsfundi eru tekin fyrir mál nemenda í hópnum og lausna leitað við mögulegum samskiptavanda eða námsvanda einstaklinga eða hóps. Stigsfundir leita að lausnum á 1. stigi farsældarinnar.

Finnist ekki viðunandi lausn skal málinu vísað til tengiliðs og/eða nemendaverndarráðs.

 Tilvísun til nemendaverndarráðs

Tengiliður farsældar tekur við málum sem ræða skal í nemendaverndarráði. Starfsfólk, nemendur og foreldrar geta komið málum til tengiliðs.

Ef um bráðamál er að ræða er strax tilkynnt til barnaverndar en sú ákvörðun og áætlun um eftirfylgni tekin fyrir á næsta fundi nemendaverndarráðs.

Öll mál sem krefjast 2. eða 3. stigs þjónustu samkvæmt farsældarlögum skal taka fyrir í nemendaverndarráði og sú þjónusta sem fellur undir starfssvið og ábyrgð skólans rædd þar. Nemendaverndarráð fjallar því um það hvort og hvaða börnum eigi að gefa kost á viðbótarþjónustu, svo sem sérkennslu, talþjálfun, iðjuþjálfun, sérfræðiþjónustu eða slíkt á vegum skólans og jafnframt hvort vísa eigi til skólasálfræðings eða í greiningarferli. Nemendaverndarráð samþykkir einnig þau teymi sem eru starfandi og tíðni funda þeirra.

Allar ákvarðanir um inngrip og sérfræðiþjónustu sem teknar eru hjá nemendaverndarráði skal tengja við markmið, aðgerðabinda og endurmeta a.m.k. tvisvar á hverju starfsári.

Forsjáraðilar eru ávallt upplýstir um það þegar mál barnanna þeirra eru tekin fyrir í nemendaverndarráði.

[444/2019 – Reglugerð um skólabjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.](#)

Öll mál sem rædd eru í nemendaverndarráði eru trúnaðarmál.

Unnið og samþykkt apríl 2025 uppfært 2.2.26

